

## Jafnréttisáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands

### 1. Inngangur

Í Landbúnaðarháskóla Íslands er lögð áhersla á að starfsfólk starfi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynja nr. 150/2020 ásamt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008.

Stefna háskólans er að tryggja hverju og einu viðfangsefni og menntun við hæfi. Stuðlað er að því að hver einstaklingur nýti hæfileika sína og krafta sem best, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, kynferði, kynhneigð, kynvitund, litarhætti, þjóðerni, trú, búsetu eða efnahag. Kynin eru metin á eigin forsendum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í námi, starfi og til starfsframa.

Mismunun hvers konar svo sem á grundvelli kyns, kyngervis, uppruna, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, holdafars, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana, búsetu, efnahags, þjóðernis eða menningar er með öllu óheimil innan Landbúnaðarháskóla Íslands.

Markmið laga um jafnan rétt og jafna stöðu kynja er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna og jafna þannig stöðu þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Jafnframt að allt fólk skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína. Í áætlun þessari er gert ráð fyrir að kyn einskorðist ekki við kven- eða karlkyn.

### 2. Áætlun

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn skulu setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsfólki og skjólstaðingum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.-14. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Landbúnaðarháskóli Íslands virðir lagalegan og stjórnarskrárbundinn rétt allra.

Megináherslur í jafnréttismálum eru eftirfarandi:

#### 1. Launajafnrétti

Öllum skulu greidd jöfn laun og öll skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys að gera svo.

#### 2. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið öllum kynjum, sbr. þó 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2020. Landbúnaðarháskóli Íslands skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

#### 3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Landbúnaðarháskóli Íslands skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit

til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa atvinnulífs, þ.m.t. að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna brýnna fjölskylduaðstæðna.

#### 4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Stjórnendur Landbúnaðarháskóla Íslands og yfirmenn hans skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni innan skólans. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir

#### 5. Menntun og skólastarf

Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð við Landbúnaðarháskóla Íslands. Nemendur skulu hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólanum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Þessar megináherslur eru nánar útlistaðar í aðgerðaráætlun neðst á þessu skjali.

### 3. Jafnréttisnefnd


Við Landbúnaðarháskóla Íslands starfar jafnréttisfulltrúi ásamt jafnréttisnefnd sem fylgist með og vekur athygli á jafnréttismálum innan skólans. Hlutverk jafnréttisnefndar er að kanna stöðu jafnréttismála, kynna niðurstöður og fylgja eftir aðgerðaráætlunum. Ásamt jafnréttisfulltrúa sér nefndin um endurskoðun á jafnréttisáætlun stofnunarinnar og eftirfylgni með henni í samráði við skólastjórnendur. Jafnréttisnefnd hefur frumkvæði að fræðslu um jafnréttismál og skal bregðast við ef upp koma atvik sem stríða gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Háskólaráð skipar í nefndina á tveggja ára fresti. Í nefndinni skal sitja fulltrúi starfsfólks og fulltrúi nemenda.

Telji starfsmaður eða nemandi að reglur um jafnrétti séu brotnar innan skólans getur viðkomandi leitað til jafnréttisnefndar.

### 4. Almennar aðgerðir og eftirfylgni

Jafnréttisáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Út frá jafnréttisáætlun er sett upp aðgerðaáætlun til þriggja ára. Jafnréttisnefnd gerir úttekt á stöðunni að þeim tíma liðnum, metur árangur þeirra og gerir skólastjórnendum grein fyrir þróun mála. Endurskoðuð áætlun byggir á þeirri úttekt. Áætlunin er birt á heimasíðu skólans.

 Landbúnaðarháskóli Íslands Agricultural University of Iceland			
Aðgerðir tengdar jafnréttisáætlun 2022-2024			
Launajafnrétti 6. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
Öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Skólinn skal vinna að því að viðhalda jafnlaunavottun og kynna fyrir starfsfólki skólans niðurstöður jafnlaunaúttekta.	Rektor, mannauðs- og gæðastjóri og fjármálastjóri.	Árlega
Jafnréttisnefnd verði virkur þátttakandi í árlegu launagreiningarferli	Jafnréttisnefnd sé upplýst um niðurstöðu launagreiningar.	Mannauðs- og gæðastjóri, rektor.	Árlega
Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 12. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Taka fram í auglýsingum eftir starfskrafti að farið sé eftir lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og að öll kyn séu hvött til þess að sækja um.	Rektor, mannauðsstjóri og deildarforsetar	Reglu- bundið
Allt starfsfólk sem vinnur sambærileg störf hafi jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum. Taka saman yfirlit yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Kynna niðurstöður fyrir starfsfólki.	Rektor. Starfsmannafundir	Árlega
Efla kynjafræðipekkingu starfsfólks. Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað	Skipuleggja og auglýsa námskeið fyrir starfsfólk. Fá fagaðila til að halda erindi.	Mannauðs- og gæðastjóri.	Vor 2022
Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 13. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími

Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	Upplýsa um betri vinnutíma/styttingu vinnuvikunnar, sveigjanlega vinnutíma ofl.	Mannauðs- og gæðastjóri Næstu yfirmenn Rektor	Við móttöku nýs starfsfólks
<b>Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni 14. grein</b>			
<b>Markmið</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tími</b>
Starfsmenn og nemendur fá fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.	Námskeið um samskipti, einelti, kynferðislegt ofbeldi og áreitni á vinnustað Fræðsla frá Samtökunum 78 um „hinseiginleikann“	Mannauðs- og gæðastjóri  Jafnréttisnefnd	19.04.2023  Haust 2023
<b>Menntun og skólastarf 15. grein</b>			
<b>Markmið</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tími</b>
Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál	Nýnemar fá kynningu á jafnréttismálum í upphafi haustannar	Jafnréttisnefnd	Í upphafi skólaárs